



Reykjavík 9. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (afnám þjónustusviptingar)
113. Mál

Stígamót lýsir yfir stuðningi við frumvarpið sem hér er til umsagnar. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hafa skjólstæðingar Stígamóta verið sviptir þjónustu á grundvelli nýrra útlendingalaga sem tóku gildi 1. júlí síðastliðinn og heimiluðu þjónustusviptingu. Sérstaklega hefur mál Blessing Uzoma verið í kastljósinu en hún var þolandi mansals árum saman áður en hún leitaði skjóls hér á landi fyrir tæpum fimm árum síðan. Henni, ásamt tveimur öðrum konum frá Nígeríu, var hent út á götu úr úrræðum ríkislögreglustjóra þann 11. ágúst 2023 vegna „skorts á samstarfsvilja“. Samstarfið átti að felast í því að þær samþykktu að fara af landi brott innan 30 daga. Þær gátu ekki samþykkt það því í því felst að leggja líf sitt og heilsu í hættu. Nýju lögín sem heimila þjónustusviptingu eru að okkar mati ómannúðleg og setur fólk í ómögulegar aðstæður þar sem því eru allar bjargir bannaðar.

Ef ekki væri fyrir einstaklinga og félagasamtök sem gripu fólk hefðum við í alvöru verið í þeirri stöðu að brotaþolar viðbjóðslegs ofbeldis myndu svelta og ekki eiga húsaskjól.

Andstöðu okkar við ómannúðleg lög og ómannúðlega framkvæmd laganna verður varla lýst með orðum og þar með stuðningi okkar við þetta sérstaka mál sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst fyrir hönd Stígamóta,

Drífa Snædal, talskona

